



Franski spítalinn

Frakkar stunduðu umfangsmiklar fiskveiðar við Íslandsstrendur í næstum fjögur hundruð ár, frá því á 16. öld og fram að fyrri heimsstyrjöld. Veiðar þessar voru umfangsmestar frá því um 1860 og fram yfir aldamótin 1900. Til að gefa tilfinningu fyrir umfangi þessara veiða má nefna að á síðustu 100 árunum sem veiðarnar stóðu, þ.e. frá því um 1828 og fram undir 1930 er talið að um 400 skútur hafi farist hér við Ísland og með þeim á fimmta þúsund manna. Árið 1860 höfðu 6 þúsund manns atvinnu af fiskveiðunum í Dunkerque, en þá bjuggu þar um 84 þúsund manns. Árið 1886 var áætlað að veiðar Frakka næstu 6 ár þar á undan næmu samanlögðum tekjum íslensks þjóðarbús í 93 ár. Veiðarnar voru sóttar frá bæjum á norðurströnd Frakklands og allt suður á Bretagne-skaga. Flest voru skipin frá Dunkerque og Paimpol, en einnig frá St. Briec, Binic, Gravelines, Fécamp, Calais og St. Malo. Veiðar þessar voru mjög mikilsverðar fyrir samfélög þessi, en höfðu einnig mikil áhrif á Íslandi og voru töluverð samskipti í tengslum við þær. Þetta er því mikil saga auðlegðar þeirra sem stóðu fyrir útgerðinni og umtalsverðra áhrifa á útgerðarbæi og stór landsvæði í kringum þá. Saga örbirgðar manna sem stunduðu þessar veiðar og fjölskyldna þeirra. Eiginkonur biðu dögum og vikum saman og horfðu til hafs í bið eftir maka sínum sem oft kom ekki til baka. En veiðarnar taka líka þátt í sögu eyþjóðar sem býr norður við íshaf, hvar þéttbýlismyndun var þá að hefjast og atvinnulíf og þjóðhættir að taka miklum breytingum.

Aðbúnaður um borð í seglskútum þessum var mjög bágborinn. Til að auka öryggi og aðstoða sjómenn og skútur sendi franskir sjóhermenn hingað upp eftirlits- og spítalaskip. Þau fórust líka sum hver eða strönduðu. Árið 1850 fara Frakkar fyrst þess á leit við dönsku stjórnina að fá heimild til að reisa spítala og aðstoðu í landi. Því var þá hafnað. Undir aldamótin 1900 byggja Frakkar hins vegar þrjá spítala á Íslandi, á Fáskrúðsfirði, í Vestmannaeyjum og í Reykjavík. Að Búðum á Fáskrúðsfirði reisa þeir Sjúkraskýli 1896, síðan Kapellu, Franska spítalann 1904, síðan Líkhús og loks Læknishús 1907. Kirkjugarður var staðsettur utan við þorpið og þar er vitað um 49 grafir. Spítalinn var fyrsta sjúkrahús reist á Íslandi og hafði ýmsar tækninýjungar sem fá hús höfðu á Íslandi. Vatn var rennandi í krana, vatnslósett og frárennsli, rafstöð var í kjallara, apótek, skurðstofa og sjúkrahvergi.

Sjúkraskýlið stendur á sínum upphaflega stað, er nú íbúðarhús og heitir Grund. Kapellan var afhelguð 1923, flutt upp í þorpið, gerð að tvíbýlishúsi og síðar rafmagnsverkstæði og geymslu. Líkhúsið var rífið. Læknishúsið var orðið mjög hrörlegt þegar það var gert upp fyrir bæjarskrifstofur Fáskrúðsfjarðar, en stóð síðan aftur autt eftir sameiningu sveitarfélaga í Fjarðabyggð. Franski spítalinn var um tíma notaður sem skóli að Búðum, en tekinn niður 1939 fjöl fyrir fjöl og efni hans flutt sjóleiðina út á Hafnarnes. Þar var hann endurreistur sem fjölbýlishús með 5 íbúðum og skóla. Þar var þá kominn vísir að útgerðarþorpi og húsnaðisekkla mikil. Hann var í notkun þar rétt fram yfir 1960 en fór þá í eyði.

Minjavernd fór að horfa til þess árið 2006 að endurbyggja Franska spítalann. Áður hafði hópur áhugafólks á Fáskrúðsfirði bundist samtökum og leitað leiða til að endurbyggja húsið.

Töluverður áhugi var líka hjá Frökkum, læknasamtökum og öðrum aðilum, m.a. í Gravelines. Verkefnið var hins vegar stærra en svo að þessir aðilar gætu klofið það.

Hugsunin af hálfu Minjaverndar var fyrst sú að endurbyggja húsið þar sem það stóð þá úti í Hafnarnesi. Hugmyndavinna þróaðist og breyttist fyrst yfir í að flytja hann á sinn upphaflega sökkul, síðan til þess að flytja hann á þann stað sem hann hefur nú verið endurbyggður á, neðan Hafnargötu. Þar hefur Spítalinn sömu afstöðu til sjávar og hann hafði upphaflega. Hann stendur fyrir neðan Læknishúsið og tengjast þau hús saman með göngum undir Hafnargötuna. Ennfremur var ákveðið að endurbyggja Kapelluna, endurgera Sjúkraskýlið og gefa þessum húsum sama svipmót og afstöðu frá götu séð og þau höfðu upphaflega. Jafnframt að endurgera Líkhúsið. Öll mynda þessi hús nú samstæða þyrpingu og styðja og styrkja hvert annað. Bryggja, með líku svipmóti og bryggjur áður höfðu að Búðum, verður fyrir neðan Franska spítalann og verður því bæði hægt að koma að honum frá sjó sem af landi.

Tilgangur með verkefninu var og er ekki einvörðungu að endurgera húsin sjálf svo þau varðveitist til framtíðar, heldur ekki síður að með því verði saga húsanna endurvakin með ákveðnum hætti og þar með saga veiða Frakka og samskiptum þeirra við Íslendinga verði gerð góð skil. Þannig verður í húsunum að finna sýningu um sögu veiðanna og húsanna, líf sjómanna og samskipti þjóðanna. Fjarðabyggð mun standa fyrir uppsetningu þessarar sýningar í samstarfi við aðra aðila m.a. frá Frakklandi. Sýningin verður að stofni til á jarðhæð Læknishússins og í göngunum undir Hafnargötunni, en jafnframt um öll húsin utan sem innan.

Fosshótel hafa tekið að sér að reka hótél í Franska spítalanum, Læknishúsinu, Sjúkraskýlinu og Líkhúsinu. Það verður vandað, sérstakt og gott hótél með fullri þjónustu, rúmgóðum herbergjum með einstakri útsýn og góðum veitingasal.

Kapellan verður endurbyggð sem kapella. Leitað hefur verið að gömlum munum úr henni og nokkrir fundist. Bekkir verða endursmíðaðir eftir gömlum ljósmyndum. Gert er ráð fyrir að Kapellan verði endurvígð sem katólsk kapella og nýtt sem slík og jafnframt fyrir athafnir annarra aðila eftir því sem vilji stendur til.

Í heild er því verkefninu ætlað að varðveita hús, sögu þeirra og sögu þessarar atvinnugreinar. Sögu þjóða að þessum hluta til, skapa sterkt svipmót í þorpsmynd og styrkja atvinnustarfsemi til frambúðar.

Minjavernd hf. er ábyrg fyrir verkefninu í heild og er eigandi húsanna. Minjavernd fjármagnar verkefnið, en það var fjármagnað að hluta með lánsfé í gegnum Virðingu hf. Starfsmenn Minjaverndar vinna stærstan hluta verksins, en auk þess kemur að því fjöldi verktaka, stærstur þeirra er Tré og steypa ehf. á Fáskrúðsfirði sem annast hefur t.d. uppsteypu og bryggjasmíði. Arkitektar eru ARGOS ehf., Arkitektastofa Grétars og Stefáns, en Mannvit hf. og Efla hf. hafa sinnt verkfræðipáttum. Verkefnið er unnið í góðu samstarfi við Fjarðabyggð.